Tolli, Þorlákur Kristinnson, er maður sem undanfarin ár hefur orðið sífellt meira áberandi í heimi íslenskrar myndlistar. Þorlákur, eða Tolli eins og hann gjarnan kallar sig, stendur á ákveðnum tímamótum um þessar mundir, en einmitt í dag opnar hann sýna fyrstu einkasýningu á Kjarvalsstöðum. Það hefur aldrei verið nein logn molla í kringum Tolla, hvort sem gripið er niður í myndlistinni, eða litið lengra aftur til þess tíma er hann leiddi baráttu íslenskra farandverkamanna. Við mæltum okkur mót á vinnustofu hans upp á Höfða. Mér var boðinn stóll og kaffi. Næstu tvo klukkutímana sat ég á stólnum og spurði, hann málaði á meðan, og svaraði.



..Stökkið úr torfi yfir í steinsteypu var salíbuna á regnboganum,´´´segir Tolli. (Tímamynd Árni).

Úr verbúð inn á Kjarvalsstaði

Þessi sýning hefur átt sér tveggja ára aðdraganda," segir Tolli. „Hún samanstendur af olíumálverkum og grafíkmyndum; olían er frá síðast liðnum tveimur árum, en grafíkverkin vann ég í haust í samvinnu við Silkiprent hf."

— Nú er þetta í fyrsta skipti sem þú sýnir á Kjarvalstöðum, eru þetta ekki áveðin tímamót fyrir þig sem myndlistarmann?

„Jú, vissulega. Í tilefni þess að maður hefur fengið inni í félagsheimili borgarinnar, Kjarvalstöðum, hafði ég samband við nokkra vini mína og í sameiningu ákváðum við að lífga upp á félagslíf bæjarins, með því að halda kvöldvöku í tengslum við sýninguna."

— Hvaða vinir eru það, og við hverju má fólk búast?

Tolli brosir við og heldur síðan áfram. „Þessir vinir mínir eru bróðir minn Bubbi og kollegi hans Megas og hin klassíska söngkona Sigríður Hjálmtýsdóttir frá Túnfœti, ásamt undirleikaranum Önnu Guðnýu Guðmundsdóttur. Þetta er tónlistarfólkið, en að auki munu Sigfús Bjartmarsson, ljóðskáld og Einar Már Guðmundsson, rithöfundur, lesa upp úr verkum sínum. Kvöldvakan fer fram á Kjarvalstöðum næst komandi sunnudag, kvöldið eftir að ég opna málverkasýninguna. Hún er öllum opin svo lengi sem pláss leyfir."

Íslenskir fiskar á hóteli í Kaupmannahöfn

— Hvað er annars á döfinni hjá þér, fyrir utan sýninguna á Kjarvalsstöðum?

„Strax í byrjun febrúar fer ég til Kaupmannahafnar til að vinna á U.M.—grafíkverkstœðinu á Nörrebro, þar sem ég kem til með að vinna að grafíkverkum fyrir nýtt hótel sem verið er að reisa í miðborg Kaupmannahafnar, Hótel Póseidon."

„Þeir höfðu séð myndir eftir mig þar sem ég sœki efnið til minnar eingin fortíðar, í sjómennskuna og lífið í sjávarþorpunum úti á landi," segir hann, og bœtir því við að kannski sé einmitt vel við hœfi að skreyta konungsríki undirdjúpanna, ríki Póseidons, með íslenskum fiskum.

Fór sínar eigin leiðir

Tolli opnaði, fyrstur Íslendinga einkasýningu í Seoul í Kóreu, fyrir um einu og hálfu ári síðan. Nú hefur honum verið boðið að sýna að nýju í Kóreu nœsta haust, en auk þess mun hann vera með verk á samsýningu í Köln í vor og einkasýningu skammt frá Berlín Þýskalandi í lok maí. Ástœða þess að hann sýndi í Kóreu á sínum tíma, var samstarf hans við kóreskan félaga sinn, er hann kynntist þá er hann var við nám í Hochschule der Künste í Vestur Berlín árin 1983 — 1984.

„Á þessum tíma hafði átt sér stað mikil uppstokkun meðal Vestur - - Evrópskra myndlistarmanna og þessara strauma gœtti mjög mikið í Berlín," segir Tolli. „Tjáningarþörfin og sköpunarkrafturinn var í algleymingi og menn freistuðu þess að fara inn á nýjar brautir, fara sínar eingin leiðir. Ég varð að velja mína leið, og stóð frammi fyrir spurningunum, hver er ég, og hvaðan er ég?"

— Og hvaða leið valdir þú?

„Ég fór þá einu leið sem rökrétt var að fara og sótti myndefnið til minnar eigin reynslu. Minn bakgrunnur er íslensk náttúra og menning ásamt fleiru."

Hann þagnar smá stund og segir síðan hugsandi. „Það má segja að á mínum ferli sem málari, hafi ég smám saman ferðast frá óbyggðum til byggða. Í fyrstu málaði ég óbyggðirnar, bara grjót og auðn, síðan komu varðan, siglingamerkið, bœkur, kauptúnin, fólkið og fleiri tákn sem eru gegnum gangandi í mínum verkum."

Stóll í víðu samhengi

Tolli þagnar aftur og ég spyr hann hvað hann eigi við með táknum, fyrir hvað þau standi? „Hvaðmeð þennan stól til dœmis?," segi ég og bendi á mynd af manni sem er staðinn upp af grœnum stól og þann veginn að brjóta af sér járnhlekki.

„Þessi tegund stóla barst hingað með hernámsliðinu á sínum tíma," segir Tolli. „Hernámsstóllinn hefur svipuðu hlutverki að gegna og vörðurnar og siglingamerkin höfðu á sínum tíma, hann hefur táknrœna merkingu sem hlutur.

Sjáðu til, þegar ég er að mála fiska, hús, bœkur, eða hvað annað sem er, þá er ég ekkert endilega að mála myndir af þessum hlutum, heldur því sem þeir standa fyrir." — Hann bendir á annað málverk af Íslensku sjávarþorpi, þar sem m.a. koma fyrir gömul íbúðarhús úr steini. — „Þetta eru hús, eins og þau fyrstu sem voru steypt hér á landi. Þó að þau séu nú flest horfin, eða um það bil að hverfa, eiga þau sér sína sögu. Stökkið úr torfi yfir í steinsteypu var salíbuna á regnboganum, og það var meira undur en við eigum eftir að sjá á húsnœðissiglingu framtíðarinnar.

Sagan er svo stór hluti af okkur. Í raun er núið bara birtingarform fortíðarinnar, eins og stjarna sem sprakk fyrir milljónum ára. Þó að sauðkindinni yrði útrýmt með tilskipun frá Stjórnarráðinu, myndi hún halda áfram að jarma í vitund þjóðarinnar fram í óravídd eilífðarinnar."

Svipað og að aðgreina líkama og sál

— Þú hefur oft á tíðum sótt efnivið í myndir þínar til náttúrunnar, en málar þó ekki dœmigerðar landslagsmyndir, er þetta ekki dálítið óvenjulegt?

„Náttúran, sem uppsprettulind listamanna er ódauðleg, svo lengi sem menn draga andann hér í þessari tilvist," segir Tolli ákveðinn. „Með því að mála landslag varð ég á sínum tíma að stíga yfir ákveðinn þröskuld. Landslagsmyndir voru á þeim tíma ákveðin bannhelgi og hálft í hvoru litið á þœr sem viðfangsefni áhugamanna.

Samskipti mannsins og náttúrunnar er ein af þeim viðfangsefnum sem brenna hvað mest á fólki í dag. Í raun og veru er villandi að tala um mann og náttúru sem eitthvað aðskilið og sitt í hvoru lagi; það er svipað og kristin miðaldaheimspeki sem aðskildi sál og líkama. Menn tala gjarnan um náttúruna sem eitthvað sem er fyrir utan dyrnar hjá þeim, eitthvað sem taka verður tillit til þegar þeir hafa tíma til þess. Þessi hugklofningur okkar hefur leitt til hœgfara sjálfstortímingar. Sambandið á milli mannsins og náttúrunnar verður ekki rofið, þetta er eilíf sambúð."

„Farandverkamaðurinn" varð til á Eskifirði

—Þú segist sœkja myndefni til reynslu þinnar. Nú varstu á sínum tíma sjómaður og farandverkamaður, voru það ekki róstursamir tímar?

„Orðið „farandverkamaður" varð til í texta við lag sem var saminn í verbúð austur á Neskaupstað. Þegar hugtakið hafði fœðst var hálfur sigur unninn," segir Tolli, og það er ekki laust við að nokkurs stolts gœti í röddinni.

„Jú, það er rétt ég tók þátt í baráttunni fyrir bœttum kjörum og aðbúnaði farandverkafólks á sínum tíma.

Upphaf átakanna átti sér stað í Vestmannaeyjum árið 1979. Á þeim tíma var ég háseti á Haferninum, hjá brœðrunum Ingólfi og Matthíasi Óskarsonum og fleirum. Það brotnaði öxull í skipinu og við lentum í langvarandi vélarbilun í Eyjum. Af þeim sökum dvaldist ég langtímum saman upp á verbúð og maður blandaði geði við landverkafólkið. Þar var fólk mjög ósátt með sinn hlut og undir niðri kraumaði óánœgja og reiði í garð „Stöðvarvaldsins", sem við kölluðum svo, en það voru forsvarsmenn Vinnslustöðvarinnar. Við sáum að nú var lag, við höfðum nœgan tíma til aðgerða og þetta var bara spurning um að stilla saman kraftana. Kveikjan að þessu, voru lög og textar sem ég og Bubbi bróðir sömdum, þar sem við tröllluðum um líf og leik farandverkafólks."

— Kom ekki til átaka á milli manna?

„Jú, jú, það kom til virkilegra átaka og menn lentu í handalögmálum," segir málarinn og brosir að endurminningunni. Við urðum þarna fyrir miklum vonbrigðum með forystu Verkamannasambandsins, Gvend Jaka og þá kumpána, þó svo að verkalýðsfélagið og sjómannahreyfingin í Eyjum hafi staðið dyggilega með okkur. Við fengum samt knúin í gegn lög sem tryggðu aðbúnað farandverkafólks, enda full þörf á því — Þetta var mikil reynsla og ánœgjuleg.

Við vorum í góðu sambandi við fjölmiðla í Reykjavík og því meira harðrœði sem Stöðvarvaldið beitti, því meira unnum við á. Þetta er bara dœmi um það (eins og krúnkað var á skjáinn) hvernig það mjúka sigrar hið harða, því árásargjarnari sem andstœðingurinn verður, því auðveldari er hann."

Árni Gunnarsson.